

**Ed.**

### **103. Frumvarp**

til laga um heimild handa ríkisstjórninni til einkasölu á bifreiðum, mótórvélum, rafmagnsvélum, rafmagnsáhöldum og efni til raflagna.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

#### **1. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að taka einkasölu á eftirtöldum vöruflokkum:

- a. Bifreiðum allskonar og bifhjólum, hvort heldur er til mannflutninga eða vöruflutninga.
- b. Bifreiða- og bifhjólahlutum, þar með töldum hjólbörðum (tires) og slöngum.
- c. Mótórvélum allskonar, sem ganga fyrir oliu eða benzíni, og öllum hlutum til þeirra.
- d. Rafmagnsvélum og áhöldum og raflagnaefni. Skal undir þann flokk telja: Rafmagnsmótora, rafala, aðrar rafmagnsvélar og vélahluta, rafgeyma og rafhylki, glóðarlampa (ljósakúlur), talsíma- og ritsímaáhöld, rafmagnsmæla, slökkvara og öryggi, loftskæmtæki, dýptarmæla, röntgentæki, koparvir og vafinn vir, snúrur og kabil úr kopar.

#### **2. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að taka einkasölu á einum framantalinna vöruflokka án þess að hinir fylgi með, og henni er einnig heimilt að taka einkasölu

á einstöku vörutegundum innan vöruflokka þeirra, sem getur í 1. gr., án þess að tekin sé einkasala á þeim vöruflokki öllum.

3. gr.

Ríkisstjórnin ákveður með reglugerð allt nánara skipulag einkasölnunnar, þar á meðal, hversu fer um vörur þær, sem um ræðir í 1. gr. og óseldar eru í landinu þegar einkasalan hefst.

4. gr.

Ríkisstjórnin leggur fram nauðsynlegt rekstrarfé til einkasölnunnar, svo og til viðgerðarverkstæða fyrir bifreiðar og mótorá, eftir því sem þykir þurfa, og er henni heimilt að taka það að láni. Heimilt skal ríkisstjórninni að leggja rekstur einkasölnunnar að nokkrum hluta eða að öllu leyti undir þær rikiseinkasölur, sem fyrir eru.

Verzlunarhagnaður af einkasölnunni rennur í ríkissjóð.

5. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 500—50000 kr., nema þyngri refsing liggja við að lögum. Hver sá hlutur, sem ræðir um í 1. gr. a—d og ólöglega er fluttur inn í landið, skal upptækur ger og andvirðið renna til einkasölnunnar.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Fjármálaráðherra hefir farið þess á leit við nefndina, að hún bæri frv. fram, og samþykkti meiri hluti nefndarinnar (BSt og JBald, gegn atkv. MJ) að verða við þeim tilmælum, en meiri hl. nefndarinnar áskilur sér þó rétt til þess, að hafa óbundnar hendur um einstök atriði í frv., eða hera fram eða vera með breytingartill. við það.

Svo hljóðandi greinargerð fylgdi frv. frá fjármálaráðherra:

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að ríkisstjórnin hafi heimild til þess að taka einkasölu á bifreiðum, mótorvélum, rafmagnsvélum og öðrum þeim vörum, sem þeim fylgja og nánar er þar fram tekið um.

Er gert ráð fyrir heimild til handa ríkisstjórninni, sökum þess að mál þetta þarf nokkurn undirbúning áður en framkvæmdir gætu hafizt, en þó einkum vegna þess, að mjög misjafnan undirbúning þarf til þess að hefja verzlun með hinar einstöku vörutegundir, sem frumvarpið fjallar um. Hentar því mjög vel að geta byrjað með sumar þeirra, ef til vill í sambandi við einkasölur þær, er nú starfa, þótt eigi kynni að þykja fært að byrja verzlun með aðrar þá þegar.

Margar af þeim vörutegundum, sem frumvarpið fjallar um, eru mjög álagningarmiklar í verzlun, og því áreiðanlega nokkurra tekna von í ríkissjóð, ef verzlun væri með þær hafin af ríkinu, enda þótt verði þeirra væri í hóf

stillt. Jafnhliða má svo benda á það, sem ekki vegur minna í þessu sambandi, að með vörur þær, sem í frumvarpinu eru taldar, ríkir hinn mesti glundroði í verzlun, einkum vegna hinna óhæfilega mörgu tegunda af bifreiðum og vélum, sem í verzlun eru hér á landi. Kostar sá glundroði landsmenn stórfé árlega í kaupum á lélegum tækjum, og ekki síður vegna erfiðleika, sem oft eru á því, að ná í varahluti í hinar óalgengari tegundir.

Á Alþingi 1932 báru fjórir þingmenn fram frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina um einkasölu á bifreiðum og mótórvélum. Frumvarpi þessu fylgdu nokkrar skýrslur um bifreiðategundir og mótórvélategundir, sem í notkun voru í landinu. Hefir ekki unnizt tóm til að láta þessu frumvarpi fylgja slíkar skýrslur. Þykir því rétt að vísa til skýrslna þeirra, sem um þetta er að finna í þskj. 189 frá Alþingi 1932.

### Fylgiskjal.

#### BRÁÐABIRGÐAYFIRLIT

um innflutning á eftirtöldum vörutegundum árið 1933

eins og Hagstofan getur komizt næst nú:

Bifreiðar til mannflutninga .....	25 stk.	kr.	71016,00
— — vöruflutninga .....	75 —	—	231180,00
Snjóbifreiðar .....	3 —	—	17667,00
Bifreiðahlutar .....	114989 kg.	—	362735,00
Bilabarðar .....	71303 —	—	251356,00
		Kr.	933954,00
Mótorar og rafalar .....	16208 kg.	kr.	46229,00
Aðrar rafmagnsvélar & vélahlutar .....	30676 —	—	80197,00
Rafgeymar o. fl. ....	87795 —	—	153700,00
Glóðarlampar .....	6482 —	—	110013,00
Talsíma- og ritsímaáhöld .....	9349 —	—	62106,00
Rafmagnsmælar .....	3402 —	—	45203,00
Slökkvarar .....	7120 —	—	39320,00
Ryksugur .....	1124 —	—	10680,00
Önnur rafmagnsáhöld .....		ca. —	173575,00
Loftskeyta- og útvarpstæki .....		— —	484069,00
Röntgentæki .....	7690 —	—	25346,00
		Kr.	1230438,00
Vafinn vir, snúrur, kabill .....	ca. 122000 kg.	ca. kr.	185000,00
Koparvir .....	28825 —	—	41641,00
		Kr.	226641,00